

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 33/2018

2019/EES/98/33

frá 9. febrúar 2018

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum
utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 157/2014 frá 9. júlí 2014 ⁽¹⁾ tekur samstarf aðilanna að EES-samningnum til þátttöku í fjarskiptasviði sjóðsins fyrir samtengda Evrópu sem komið var á með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1316/2013 ⁽²⁾.
- 2) Rétt er að auka umfang samstarfs aðilanna að EES-samningnum svo það taki til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1953 frá 25. október 2017 um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1316/2013 og (ESB) nr. 283/2014 með tilliti til þess að efla nettengingu í staðbundnum samfélögum ⁽³⁾.
- 3) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við EES-samninginn til þess að þetta aukna samstarf geti hafist frá 1. janúar 2018.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við í þrettánda (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1316/2013) og fjórtánda (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 283/2014) undirlið 5. mgr. 2. gr. bókunar 31 við EES-samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32017 R 1953:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2017/1953 frá 25. október 2017 (Stjtið. ESB L 286, 1.11.2017, bls. 1).“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103 gr. EES-samningsins hefur farið fram (*).

Hún skal gilda frá 1. janúar 2018.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. febrúar 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 15, 22.1.2015, bls. 85, og EES-viðbæti nr. 5 frá 22.1.2015, bls. 8.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 348, 20.12.2013, bls. 129.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 286, 1.11.2017, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.